



## Samfélagsfræði 8. bekkur 2024-2025

Lög er áhersla á landfræðileg málefni, landslag og náttúru, náttúruauðindir, atvinnuhætti og einkenni hverrar heimsálfu. Fjallað er um ákveðin svæði eða lönd innar hverrar heimsálfu þar sem einkennum svæðisins er lýst.

### **Kennsluaðferðir**

Töflukennsla, innlögn og lestur í upphafi kennslustundar, mynd-og hljóðdiskar, einstaklingsvinna, vettvangsferðir, para-og hópavinna. Unnið er í stöðvum við úrvinnslu á einstökum verkefnum.

### **Námsefni og gögn**

Um víða veröld - heimsálfur höf. Hilmar Egill Sveinbjörnsson. Um víða veröld – jörðin höf. Hilmar Egill Sveinbjörnsson. Ýmis kennslumyndbönd af netinu.

### **Námsmat**

Námsmat endurspeglar stöðu nemenda í fjórum færniþáttum í samfélagsfræði gagnvart markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Gefnar eru einkunnir í bókstöfunum A, B+ ,B, C+ ,C og D þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum C.

Metnir eru eftirfarandi færniþættir nemanda:

- Þekking
- Gagnrýnin sýn á tímabil, atburði og persónur
- Skilningur á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf
- Færni til að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri einn sér og í samstarfi við aðra.
- Korta- og myndlæsi

**Kennari:** Þuríður Aðalsteinsdóttir